



Kópavogsbær

Djúpgámar

Leiðbeiningarit fyrir húseigendur, byggingaraðila og hönnuði um kröfur Kópavogsbæjar til djúpgáma, fyrirkomulag og útbúnað þeirra.



Uppfært 8.8.2022



1. Inngangur

Leiðbeiningarit þetta er ætlað fyrir lóðarhafa, húsfélög, hönnuði eða aðra sem áhuga hafa að koma fyrir djúpgámum fyrir sorp á lóð sinni. Ritinu er ætlað að leiðbeina framkvæmdaaðilum sem og ráðgjöfum og verktökum frá hugmyndastigi þangað til hægt er að byrja að nota djúpgáminn.

Skylt er að leita leyfis frá umhverfissviði Kópavogsbæjar áður en komið er fyrir djúpgámum.

Djúpgámar leysa af hólmi sorptunnur eða sorpgáma. Djúpgám er komið fyrir í steiptum ramma sem er grafinn niður. Efri hluti djúpgáms líkist hefðbundinni ruslatunnu sem komið er fyrir á götu eða gangstétt, en undir yfirborðinu er stórt rými þar sem ruslinu er fleygt.

Djúpgámar eru snyrtilegri í umhverfinu og taka á móti meira magni sorps en hefðbundnar sorptunnur. Djúpgámar henta vel til að fegra umhverfið og losna við fyrirferðarmikla sorpgáma eða tunnur ofanjarðar og í þetta íbúðabyggð þar sem pláss er takmarkað fyrir hefðbundnar sorpgeymslur.

2. Flokkun sorps

Reglurnar fyrir flokkun sorps eru þær sömu hvort sem notaðar eru hefðbundnar sorptunnur eða djúpgámar. Í Kópavogsbæ hefur pappír og umbúðaplast verið sett saman í sömu tunnu eða gám og almennur og lífrænn úrgangur í aðra tunnu eða gám. Athugið að á fyrri hluta árs 2023 munu breyttar flokkunarreglur taka gildi á landinu öllu. Mun þá úrgangi á höfuðborgarsvæðinu verða flokkað í fjóra aðskilda flokka. Pappa/pappír, umbúðaplast, lífrænan úrgangur og almennan úrgang.


Frekari upplýsingar um flokkun, tæmingu og reglur gefur umhverfissvið Kópavogs í síma 441 0000 og á heimsíðu Kópavogs www.kopavogur.is.

3. Kröfulýsing

Innkaup og uppsetning á djúpgámum er ávallt á ábyrgð þess sem óskar eftir að koma þeim upp.

Kópavogsbær sér um tæmingu þegar gámur er orðinn fullur. Tæming innheimtist með sorphirðugjöldum.

Djúpgámar skulu uppfylla kröfur í stöðlum ÍST EN 13071 hluta 1-3, Einungis er leyfður upphíngingarbúnaður sem samanstendur af tveim lykkjum á móti hvorri annarri (e. two loops parallel) skv. ÍST EN 13071-3. Fjarlægð, d , milli lykkja skal vera 140 mm – sjá skýringamynd að neðan.



Djúpgámar með eina lykkju, tvær lykkjur í línu, þrjár lykkjur í línu eða svepp (e. mushroom) eru ekki leyfðir og verða ekki tæmdur af Kópavogsbæ.

Ramminn sem djúpgámurinn er staðsettur í neðanjarðar skal vera útbúinn fallvörn svo sem loki sem lokast sjálfkrafa þegar djúpgámurinn er hífður úr rammanum við tæmingu. Fallvörnin má ekki vera staðsett neðar en 210 mm frá efri brún ramma.



3.1. Staðsetning

Aðgengi að djúpgámunum skal vera óskert. Það þýðir að ekki má vera neitt, svo sem trjágróður, mannvirki eða ljósastaurar, sem gæti hindrað hífingu neðar en 6 m. Til hliðar við gámasvæðið má ekki vera neitt sem gæti hindrað tæmingu nær en 1,5 m svo sem bílastæði, trjágróður, blómabeð, svalir eða þess háttar. Við val á staðsetningu skal taka tillit til að gámurinn er tæmdur af sérútbúnum sorpbíl, sem þýðir að aðgangsvegur skal vera minnst 3,6 m breiður og hafa nægilega burðargetu fyrir að minnsta kosti 26 tonna farartæki. Í göturými skal forðast að djúpgámar séu staðsettir nær gatnamótum en 15 m.

Staðsetning djúpgáma má ekki hindra aðgengi sjúkra- og slökkviliðs að íbúðum. Grenndargerði með djúpgámum (gámaklasi) má ekki vera fjær inngangi byggingar en sem svarar 25 m sbr. gr. 6.12.18 í byggingarreglugerð nr. 160/2010. Í tilfellum þar sem ekki er hægt að koma fyrir djúpgámum í styttri fjarlægð en getið er um í byggingarreglugerð skal hafa samband við Umhverfissvið Kópavogsbæjar.

Leitast skal við að staðsetja gámanna við hlið götu, hægra megin í akstursstefnu. Fjarlægð frá götubrún að hífingarkrók á djúpgámi má ekki vera meiri en 4 m.

Ef djúpgámarnir eru staðsettir við botnlangagötu, skal vera nægt pláss til að losunarbíllinn geti snúið við og athafnað sig án vandræða eða þrengsla.

Innkastlokið skal vera regnpétt og ekki skal staðsetja djúpgáma á lægsta punkti í landslaginu svo ekki sé hætt á að vatn flæði ofan í gáminn eða gámarammann.

Djúpgámarnir skulu ávallt staðsetjast í settum þannig að alltaf eru að minnsta kosti einn gámur fyrir almennt sorp og pappír/plast gámur saman.

Djúpgámar skulu vera staðsettir innan lóðarmarka lóðarhafa þar sem því er viðkomið. Í þeim tilfellum þar sem ekki hægt að koma djúpgámum fyrir innan lóðar þarf að leita til umhverfissviðs og fá heimild frá Kópavogsbæ til að staðsetja djúpgáma utan lóðarmarka. Slík útfærsla er aðeins heimilud í undantekningartilvikum, svo sem þegar sýnt er fram á að ekki sé með nokkrum hætti hægt að koma djúpgámum fyrir innan viðkomandi lóðar. Þegar djúpgámar eru staðsettir utan lóða er innheimt þjónustugjald fyrir viðbótar þjónustu með sorphirðugjöldum.

Djúpgámar sem staðsettir eru innan lóðarmarka eru séreign lóðarhafa viðkomandi lóðar þar sem djúpgámarnir eru staðsettir – lóðarhafar bera ábyrgð á rekstri og viðhaldi gámanna og eru einungis ætlaðir þeim íbúum sem búa innan lóðarmarkanna.

Djúpgámum staðsettum utan lóðarmarka er öðrum heimilt að fleygja úrgangi í. Viðhald og rekstur er á ábyrgð Kópavogsbæjar.

3.2. Aðgengi

Ekki má staðsetja neitt sem gæti hindrað aðgengi að djúpgámum nær en 0,8 m. Aðgengið skal vera slétt og án hárra kantsteina eða hækkana sem gætu hindrað aðgengi hjólastólanotenda.

Leitast skal við að svæðið þar sem djúpgámarnir eru staðsettir sé upplýst til þægindaauka og aukins öryggis fyrir notendur gámanna og sorphirðuaðila.

Samþykki Kópavogsbæjar um endanlegt fyrirkomulag, staðsetningu og aðkomu skal liggja fyrir áður en ráðist er í framkvæmdir.

4. Málsetning

Þegar ákveðið hefur verið að nýta djúpgáma er mikilvægt að stærð og fjöldi djúpgáma verði réttur þar sem ekki er hægt með góðu móti að auka við eða stækka djúpgámanna á seinni stigum. Við málsetningu skal miða við tæmingu á 14 daga fresti fyrir hvort sem þar er, plast og pappír eða almennt sorp.



Þegar gert er ráð fyrir niðurgröfnum djúpgámum er æskilegt að gert sé ráð fyrir að unnt sé að bæta við þriðja fyrir aukna flokkun eða að hægt sé að aðskilja því íláti sem er til staðar, í tvennt.

Eftirfarandi magntölur skal nota til viðmiðunar við málsetningu á niðurgröfnum sorpílátum frá íbúð í fjölbýli með meira en 4 íbúðir. Sorpmagnið miðast við tæmingu á 14 daga fresti:

Herbergjafjöldi íbúðar	Rúmmetrar pr. 14 daga Pappír og endurvinnanlegt plast	Rúmmetrar pr. 14 daga Almenn sorp
1 (stúdíó íbúð)	0,14	0,1
2	0,2	0,15
3	0,2	0,15
4	0,27	0,2
5	0,27	0,2
6	0,27	0,2

Dæmi: 4 húsfélög með samtals 57 íbúðir ákveða að setja upp grenndargerði með djúpgámum. Íbúðafjöldinn skiptist í 8 2ja herbergja íbúðir, 15 3ja herbergja íbúðir, 19 4ja herbergja íbúðir og 15 5 herbergja íbúðir. Samtals gerir þetta 12,3 m³ af pappír og plast sorpi og 9 m³ af almennu sorpi.

5. Leiðbeiningar varðandi rekstur, tæmingu og umgengni

Eigandi djúpgáma staðsettum innan lóðarmarka hefur ábyrgð á viðhaldi gámana svo sem skemmdum lokum, hreinsun veggjakrots, skemmdarverka, ákeyrslum o.s.frv. Kópavogsbær tæmir og hreinsar gámana og gámaramma eftir þörfum. Kópavogsbær ber ábyrgð á viðhaldi djúpgáma sem eru staðsettir utan lóðarmarka sbr. lið 3.1.

Kópavogsbær útvegar merkingar á gámana þar sem fram kemur hvers konar sorp eigi að fara í hvern gám. Það er „Almennt sorp“ og „Pappír og endurvinnanlegt plast“ en lóðarhafi er ábyrgur fyrir því að merkingar séu ætíð til staðar á gámunum.

Rusl sem komið er fyrir við hliðina á djúpgámum er ekki hirt af Kópavogsbæ.

Kópavogsbær kemur fyrir magnskynjurum í djúpgámum fyrir almennt rusl og pappír/plast í hverjum djúpgámaklasa og sér um viðhald og rekstur skynjaranna. Gámarnir eru tæmdir þegar magnið er komið yfir 75% af heildarrúmmáli. Ef í gámaklasa eru fleiri en einn gámur fyrir hvern sorpflokk eru djúpgámarnir tæmdir þegar allir gámar í sama sorpflokki eru komnir yfir 75% af heildarrúmmáli.

Eigendur djúpgáma þ.e. húseigendur og húsfélag bera ábyrgð á að hægt sé að komast að djúpgámum og hægt sé að losa úrgang í þá. Ekki skal reyna að troða of stórum hlutum í gámana því þá er hætt á að innkastlokið stíflist eða festist. Fyrirferðarmiklar umbúðir s.s. pitsukassar, skal rífa í sundur eða brjóta vel saman. Stórar umbúðir t.d. utan af stærri rafmagnstækjum eða húsgögnum skal fara með á næstu endurvinnslustöð. Almennur úrgangur skal vera í lokuðum pokum.

Húsfélög skulu hafa lykil af djúpgámum svo þau geti losað stíflur ef þær myndast. Þar sem djúpgámar eru útbúnir magnskynjurum er ósennilegt að þeir yfiryllist og ef slíkt gerist er líklegt að um stíflu sé að ræða og þarf þá að opna lok fyrir neðan innkastlok og losa stífluna. Hafa skal samband við viðeigandi innflutningsaðila til að nálgast lykila.



6. Framleiðendur og innflutningsaðilar

Kópavogsbær mælir með eftirtöldum framleiðendum.



Part of the ESE World
Innflutningsaðili Terra
www.terra.is



Innflutningsaðili Íslenska
gámafélagið
www.igf.is



Innflutningsaðili HP gámar
www.molok.is

7. Gátlisti

- ✓ Er staðsetning djúpgámanna innan lóðamarka
- ✓ Eru lagnir í jörð þar sem áætlað er að setja upp djúpgáma
- ✓ Er vatnshalli frá djúpgámasvæði
- ✓ Er staðsetning djúpgámanna heimil með tilliti til brunakrafna
- ✓ Hefur staðsetning djúpgámanna aðgangsvegi slökkviliðs eða flóttaleiðir
- ✓ Er nóg pláss fyrir tæmingu bæði fyrir ofan djúpgáma og til hliðar við þá
- ✓ Er nægt athafnasvæði fyrir losunarbíl og almenna umferð fram hjá losunarbíl við tæmingu